

## GJALDSKRÁ

### fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu í Strandabyggð.

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjöld.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta sérstaklega byggingarleyfisgjöld fyrir byggingar sem eru 10 m<sup>2</sup> eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða (þær eru þó ávallt leyfisskyldar).

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóðar og samþykki fyrir breyttri notkun húsa greiðist grunngjald samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
Grunngjald, byggingar allt að 60 m <sup>2</sup>	18.998
Grunngjald, byggingar stærri en 60 m <sup>2</sup>	29.808

Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga samkvæmt eftirfarandi:

	kr. pr. m <sup>2</sup>
Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir og skrifstofur	298
Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir	217
Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker o.fl.	147
Fristundahús, veiðihús, fjallaskálar o.fl.	601

Byggingarleyfisgjöld eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

#### 2. gr.

##### *Afgreiðslugjöld og þjónustugjöld.*

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem byggingarfulltrúi eða byggingarnefnd veitir umfram þá sem er innifalin er í byggingarleyfisgjaldi í samræmi við kafla IX í lögum um mannvirki nr. 160/210.

	kr.
1. Aðrar afgreiðslur byggingarnefndar/framkvæmdaleyfi	7.685
2. Lóðaúthlutunargjald óendurkræft	13.507
3. Vottorð um byggingarstig húsa	17.000
4. Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsingar	17.000
5. Endurskoðun aðaluppdráttar	11.178
6. Fyrir minniháttar grenndarkynningu	11.178
7. Fyrir meiriháttar grenndarkynningu	30.507
8. Fyrir útmælingu lóðar og lóðarsamnings	17.000
9. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	11.178
10. Afgreiðsla skráningartöflu	21.658
11. Önnur vottorð	17.000

Við bætist þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga sé um slíkan kostnað að ræða.

#### 3. gr.

##### *Tengigjald vatnsveitu.*

Tengigjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

	kr.
32 mm	145.815
40 mm	158.436

Starfsmenn vatnsveitu sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntakskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka inni í húsi.

Míðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð á frostfríu dýpi samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

## 4. gr.

*Tengigjald fráveitu.*

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

	kr.
Tengigjald fráveitu	46.575

Míðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

## 5. gr.

*Stöðuleyfi gáma o.þ.h.*

			kr.
Tímabundin stöðuleyfi hjólhýsa o.þ.h.	á ári		13.507
Tímabundin stöðuleyfi gáma o.þ.h.	á ári	20 fet	17.000
"	"	40 fet	28.644

Gámasvæði utan Viðidalsár:

		kr.
Gámar 20 fet	á ári	6.986
Gámar 40 fet	á ári	13.973

## 6. gr.

*Samþykkt og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

Gjaldskráin sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, öðlast gildi við birtingu og falla þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrár.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2014 (119 stig). Þau breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu sem þá hefur orðið á vísitölunni.

*Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar, 11. febrúar 2014.*

**Andrea K. Jónsdóttir** sveitarstjóri.